

Nr. 27.
3. nív.

Lög

um

viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Helming styrks þessa skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annarstaðar en hjer við land. Hinum helmingnum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, 11. júlí 1911, um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.